

OPIÐ BRÉF

7

1. febr.

er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar fimmtudaginn 15. febrúar 1940.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920 allramildilegast höfum ákveðið að láta Alþingi koma saman til reglulegs fundar fimmtudaginn 15. febrúar 1940. Um leið og Vér birtum þetta, bjóðum Vér öllum þeim, er setu eiga á Alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá sett Alþingi eftir að guðspjónustugerð hefir farið fram í Dómkirkjunni.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

KONUNGSBRÉF

8

1. febr.

um setning Alþingis.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vér viljum hér með veita yður sem forsætisráðherra Vorum umboð til þess í Voru nafni að setja Alþingi, er koma á saman til reglulegs fundar fimmtudaginn 15. febrúar 1940.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

LÖG

9

12. febr.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna að veita upplýsingar um ferðir skipa.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórnin getur, er hún telur nauðsynlegt vegna yfirvofandi eða yfirstandandi ófriðar eða hliðstæðs ástands, fyrirskipað, að enginn megi láta neitt uppi við óviðkomandi menn um ferðir íslenzkra eða erlendra skipa.